

Velferðarnefnd Alþingis
Tjarnargötu 9
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2024

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um áfengis- og vímuefnavarnir.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um tillögu til þingsályktunar
um mótun heildstæðrar stefnu um áfengis- og vímuefnavarnir

154. löggjafarþing 2023–2024

Þingskjal 30 — 30. mál

Rauði krossinn stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að skaðaminnkun, m.a. með verkefnum Frú Ragnheiði í Reykjavík, á Suðurnesjum og á Akureyri frá árinu 2009. Félagið hefur jafnframt beitt sér almennt fyrir ýmsum hagsmunamálum fólks sem notar ávana- og fíkniefni. Félagið er hluti af Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og vinnur að margs konar verkefnum á sviði mannúðaraðstoðar.

Er umsögn félagsins mótuð af mikilli og langri reynslu sem félagið hefur af vinnu sinni með fólki sem notar ávana- og fíkniefni. Við yfirferð frumvarpsins hefur Rauði krossinn haft til hliðsjónar grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum þeirra sem nota ávana- og fíkniefni. Ábendingar og athugasemdir félagsins miða að úrbótum, þar sem hagsmunir stjórnvalda og þeirra einstaklinga sem í hlut eiga fara að öllu jafnan saman.

Almennar athugasemdir

Rauði krossinn fagnar tillögu til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um áfengis- og vímuefnavarnir. Rauði krossinn tekur undir það að nálgast þurfi vandann sem heilbrigðis- og félagsmál og vill sérstaklega benda á mikilvægi þess að huga þarf að viðkvæmum hópum eins og börnum og ungmennum, þar sem verulegur skortur er á úrræðum. Einnig þarf að huga sérstaklega að konum. eru konur sá hópur sem sækir þjónustuna í minna mæli vegna ótryggra aðstæðna og er því í þörf fyrir að þjónustan sé þannig úr garði gerð að hún tryggji öryggi þeirra.

Rauði krossinn hefur orðið áskynja um skort á heildrænni nálgun, þar sem kerfin hafa ekki unnið saman sem skildi. Mikilvægt er að brugðist sé tafarlaust við og afar óheppilegt er að fólk bíði í langan tíma eftir meðferð. Hið sama gildir um langvarandi eftirfylgni og endurhæfingarúrræði, sem og aðgengi að fjölbreyttari viðhaldsmeðferðum um land allt og tryggja þarf fullnægjandi fjármögnun.

Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins eru reiðubúnir að gera nánari grein fyrir athugasemdum félagsins sé þess óskað.

